


Stefnumörkun og ábyrgð

LEIÐARI

Fyrir rúmu hálfu ári síðan tóku undirrituð við stjórnarformennsku í Auðhumlu og MS. Okkur kúabændum var flestum ljóst að staða félaganna var orðin erfið og mörg og krefjandi verkefni framundan í rekstri félaganna okkar. Rétt er að fara stuttlega yfir stöðu þeirra í dag.

Mjólkurkaup Auðhumlu og rekstur Mjólkursamsölnnar

Legið hefur fyrir í nokkurn tíma að fjárhagsstaða Mjólkursamsölnnar og Auðhumlu var að stefna í ófni. Frá stofnun Mjólkursamsölnnar er uppsafnað tap orðið um 1 milljarður króna (sjá mynd) og um mitt sl. ár var tapið komið í 700 milljónir til viðbótar. Strax síðastliðið sumar fór stjórn MS í stefnumörkun og skipulagsbreytingar til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í rekstri félagsins. Þessar aðgerðir horfðu meðal annars á lækkan rekstrarkostnaðar, eflingu erlendar starfsemi og einföldun skipulags. Nú þegar má sjá árangur þessa þar sem starfsgildum hjá MS hefur fækkað töluvert auk þess sem fækkað var í yfirstjórn. Þessar aðgerðir ásamt því að þann 1. september kom hækkun á verðlagsbundnar vörur og verð fyrir umframmjólk var lækkað til samræmis við það verð sem fæst í útflutningi, varð til þess að viðsnúningur varð á rekstrinum á seinni hluta ársins. Einnig er ljóst að minni mjólkurframleiðsla síðari hluta ársins 2018 hefur dregið töluvert úr rekstrarkostnaði, en framleiðslan færðist nær innanlandsþörf síðari hluta ársins. Nú þegar verið er að vinna að ársuppgjöri sl. rekstrarárs 2018 sem lagt verður fram til endurskoðunar má sjá að afkoma af reglulegri starfsemi félagsins hefur batnað umtalsvert og reksturinn að styrkjast og komast í jafnvægi. Þess má vænta að afkoma MS af reglulegri starfsemi eftir skatta á árinu 2018 verði jákvæð um sem nemur 195 millj. kr. að Ísey útflutningi meðtöldum.



Samanlögð rekstrarniðurstaða MS af reglulegri starfsemi 2007 - 2018 nemur tapi á um 890 milljónum kr. Án 600 millj kr rekstrarstyrks sem eigendur veittu MS á árinu 2016, hefði tap þess árs af reglulegri starfsemi numið um 742 millj kr, og samanlagt tap MS á tímabilinu um 1.370 millj. kr.

Þessar breytingar munu í framhaldinu einnig styrkja lausafjárstöðu fyrirtækjanna og mynda forsendur til að greiða niður skuldir og takast á við nauðsynlegar fjárfestingar.

Fjárhagsstaða Auðhumlu hefur einnig veikt mikið síðastliðin fimm ár líkt og Mjólkursamsölnnar. Samhliða aðgerðum í styrkingu á rekstrar- og fjárhagsstöðu Mjólkursamsölnnar hafa stjórnir félaganna einnig unnið að því að endurskoða rekstrarþætti milli MS og Auðhumlu til að koma jafnvægi á aðstæður beggja félaganna.

Framtíðin

Á næstu dögum mun fara fram atkvæðagreiðsla um framtíð kvótakerfis í mjólkurframleiðslu. Atkvæðagreiðslan er samkvæmt ákvæðum búvörusamningsins og er gerð samhliða endurskoðun hans. Í niðurstöðu atkvæðagreiðslu mun koma fram hver vilji meirihluta kúabænda er til kvótakerfis og framleiðslustjórnunar. Hver svo sem niðurstaðan verður þá ber að virða hana og verður hún veganesti sem forsvarsaðilum verður lagt til í samningum okkar við stjórnvöld við endurskoðun samningsins. Það er því mikilvægt að kúabændur nýti rétt sinn og taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Í starfsemi mjólkuriðnaðarins að undanfögnu hefur það komið vel í ljós hversu mikilvægt það er að það ríki framleiðslustjórnun sem stuðli að jafnvægi milli mjólkurframleiðslu og þarfar innanlandsmarkaðar og að þar verði fyrirfram gefnar og skýrar forsendur að því marki sem hægt er hverju sinni.

Þessi niðurstaða mun skipta miklu um marga grundvallarþætti í starfskilyrðum okkar kúabænda. Það eru því sterk rök fyrir því að skynsamlegt sé að biða með endurskoðun fyrirkomulags um verðlagningu mjólkur og mjólkurafurða þar til að niðurstaða um tilvist kvótakerfis liggur fyrir. Fyrirkomulag verðlagsmála er líka einn af grundvallarþáttum í starfsskilyrðum bæði bænda og afurðastöðva.

Á undanförunum mánuðum hefur mikið verið skrifað um þessa þætti, eins og kvótakerfi, fyrirkomulag í verðlagningu, umframmjólkurverð og margt fleira sem tengist rekstri afurðastöðva og kúabænda og afkomuþróun þeirra. Hafa þar mörg sjónarmið komið fram. Margt hefur verið fjallað um, byggt bæði á aðstæðum sem eru löngu liðnar og öðrum sem við erum að fást við í dag. Það er ekki ætlunin að fjalla um og svara öllum sjónarmiðum sem fram hafa komið, heldur teljum við mikilvægt af okkar hálfu að gera stuttlega grein fyrir því hvaða hagsmunamálum er verið að vinna að og hvernig stjórnir félaganna hyggjast mæta þeim verkefnum.

Verðlagsmálefni mjólkur og mjólkurvara

Þetta er eitt af stærri verkefnum sem endurskoðunarnefnd búvörusamninga er að fjalla um í sinni vinnu við endurskoðun samningsins. Fyrir hönd félaganna höfum við komið helstu áhersluatriðum fyrirtækjanna á framfæri því það er algjört grundvallaratriði að fyrirkomulag verðlagsmála setji fyrirtækin okkar ekki í vanda, því sá vandi mun að endingu lenda hjá okkur bændum. Þarna verður að fara varlega, og við þurfum að gera okkur fulla grein fyrir því hvaða starfsaðstæður breytt verðlagskerfi hefur í för með sér og hver réttarstaða fyrirtækjanna verður eftir hugsanlegar breytingar. Það er ekki ljóst í dag og það var ekki nægjanlega útfært við gerð nógildandi búvörusamnings sem nú er í endurskoðun. Þessu hefur verið komið á framfæri og verður því fylgt frekar eftir.

Verðlagning og kaup á umframmjólk

Skilgreining og forsendur umframmjólkurkaupa mun alfarið fara eftir niðurstöðu í atkvæðagreiðslu kúabænda um tilvist og framtíð kvótakerfis. Eðli máls samkvæmt þarf því ekki að fjalla um þær forsendur fyrr en niðurstaða liggur fyrir. Á hinn bóginn þá er það flestum ljóst að það eru aldrei forsendur til langs tíma að greiða meira fyrir mjólk sem ekki er þörf á til að uppfylla þarfar innanlandsmarkaðar heldur en þær tekjur sem fyrir hana fást við útflutning. Öðrum kosti erum ►

[Leiðari frh.]

við að láta innanlandsmarkað fjármagna og niðurgreiða útlutning. Slík ráðstöfun skaðar bæði fyrirtækin okkar og veikir stöðu okkar kúa-bænda gagnvart neytendum og stjórnvöldum.

Erlend starfsemi og umsjón með útlutningi mjólkurvara MS

Um mitt ár 2018 var Ísey útlutningur ehf. stofnaður og er í 100% eigu Mjólkursamsölnunnar. Ísey annast erlenda starfsemi félagsins, þ.e. það skyr sem framleitt er undir merkjum MS erlendis og leyfissamninga samninga sem MS hefur stofnað til. Einnig annast Ísey útlutning fyrir MS og fært greitt fyrir það samkvæmt samningum milli félaganna. Ávallt er reynt að fá eins gott verð fyrir útlutt íslenskt hráefni og kostur er, hvort sem það er flutt út sem skyr eða aðrar vörur. Vegna breytinga á aðstæðum í útlutningi er nú unnið að því að finna lausnir varðandi flutninga á erlenda markaði svo hægt verði að flytja sem mest út af íslensku skyri á yfirstandandi ári. Ákvarðanir um útlutning markast fyrst og fremst af því hvað er framkvæmanlegt hverju sinni m.a. m.t.t. flutninga og tryggra vöruafhendinga á markaði, samhliða fjárhagslegum hagsmunum bænda og MS.

Tolla- og samkeppnismál

Mikið hefur verið fjallað um væntanleg áhrif tollasamnings sem gerður var við ESB 2015. Mest hefur sú umfjöllun verið innan greinarinnar og má færa fyrir því rök að forsvarsmenn í landbúnaði hafi mátt setja meiri kraft í eftirfylgni við stjórnvöld en raun ber vitni. Samhliða þessu teljum við mjög brýnt að fara fram á það við stjórnvöld að fram fari opinbert

endurmat á samkeppnisstöðu okkar litlu fyrirtækja á afurðamarkaði í samburði við stóru erlendu fyrirtækin sem eru að fá stöðugt aukinn tollfrjálsan aðgang að okkar markaði. Með niðurgreiddar vörur sem þau selja jafnvel undir eigin hráefniskostnaði. Þessar breytingar í markaðsaðgangi eru fordæmalausar.

Að framansögðu má vera ljóst að það eru mörg stór og mikilvæg verkefni sem þarf að vinna að og leiða til lykta. Sum þeirra falla beint að þeim skyldum sem okkur félagskjörnum stjórnarmönnum er falið að fjalla um og leysa hverju sinni. Önnur eru þess eðlis að þegar fyrir liggur staðfest niðurstaða meirihluta kúa-bænda ber okkur að virða hana og vinna eftir henni.

Með góðri kveðju,



Elin M. Stefánsdóttir,
stjórnarformaður
Mjólkursamsölnunnar ehf.



Ágúst Guðjónsson,
stjórnarformaður
Auðhumlu svf.

Fréttir af uppgjöri Mjólkursamsölnunnar

FRÉTTIR

Nú þegar einn mánuður er liðinn af árinu 2019 er farið að glitta í niðurstöðu rekstrar ársins 2018 hjá Mjólkursamsölnunni. Eins og bændur muna vafalaust var á bændafundum formanna Auðhumlu og Mjólkursamsölnunnar s.l. haust greint frá slæmri afkomu á fyrri hluta ársins 2018. Tap var af rekstrinum á þeim tíma upp á nálega 700 milljónir kr. Á síðari helmingi ársins hefur gengið mun betur og benda uppgjörstölur til að hann hafi skilað um 850 milljóna króna hagnaði.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Mjólkursamsölnunnar er árið í heild því gert upp með um 135 milljóna kr. hagnaði. Þar við bætist hagnaður af rekstri Ísey ehf. kr. 60 milljónir en Ísey tók til starfa 1. júlí 2018. Þessar niðurstöður eru án tillits til gjaldfærslu sektar Samkeppniseftirlitsins upp á 440 milljónir kr. sem verður gjaldfærð í

reikningum félagsins á árinu 2018 þrátt fyrir að málið sé enn til meðferðar fyrir dómstólum.

Nokkrir samverkandi þættir skýra þennan mikla viðsnúning. Þar er fyrst að nefna verðhækkunina sem varð á vörum Mjólkursamsölnunnar þann 1. október s.l. Í öðru lagi er innvegin mjólk á síðari hluta ársins nokkru minni en á fyrri hlutanum eða sem nam um 9,5 milljónum lítra en það leiðir bæði til minni útlutnings og sparnaðar í vinnslunni. Í þriðja lagi var gripið til margháttaðra aðhaldsaðgerða upp úr miðju síðasta ári sem einnig hafa skilað sér í bættri afkomu.

Björn Ingimarsson
skrifstofustjóri



Konudagsostakakan í verslanir

Sala er hafin á konudagsostakökunni og verður hún fánleg í verslunum um allt land á næstu dögum. Kakan er með jarðarberja-bragði og einstaklega ljúffeng og ekki skemmir fyrir að bera hana fram með þeyttum rjóma!



Smjör 15 g hætt í framleiðslu

Framleiðslu og sölu á 15 g smjöri hefur nú verið hætt þar sem vélbúnaður var orðinn gamall og slitinn. Endurnýjun á vélbúnaði er ekki fyrirhugaður þar sem slíkt er mjög kostnaðarsamt.



Nóg er til af smjöri í 10 g en þær umbúðir er einfalt að flokka og senda til endurvinnslustöðva.





Framleiðsla mjólkur 2018

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Á árinu 2018 var sett enn eitt met í mjólkurframleiðslu en þá var skráð innviðgun mjólkur 152,4 millj lítrar. Aldrei áður hefur jafn mikil mjólk verið framleidd og vegin inn í afurðastöð á ársgrunni og á sl. ári 2018.

Á fyrstu 3 vikum yfirstandandi árs 2019, hefur vikuleg mjólkurframleiðsla legið nærri innviðgun sama tíma 2018. Sala mjólkur sl. 12 mánuði nam um 144,8 millj ltr á fitugrunni og 129,5 á próteingrunni.



Yfirlit 1 Vikuleg innviðgun mjólkur 2017, 2018 og 2019 og mánaðainnviðgun 2017–2018

Sala mjólkur og útlutningur

Á mynd 2 er m.a. innviðgun mjólkur og umreiknuð sala og önnur ráðstöfun mjólkur 2018. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 129,5 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -2,16% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 144,7 milljónir lítra og jókst um 0,46% á sama tíma. Eins og fyrr segir var innviðgun mjólkur 152,4 millj lítrar. Framleiðsla umfram sölu á árinu 2018 var því um 22,9 milljónir lítra á próteingrunni og um 7,6 milljónir lítra á fitugrunni. Útlutningur á mjólk m.v. prótein nam 22,8 millj. ltr, en útlutningur á fitugrunni nam um 7,3 millj. lítrum.


Birgðir mjólkurvara

Mynd 3–5 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2016–2018.


Í yfirlitum 3 – 5 kemur m.a. fram að smjörbirgðir í lok árs 2018 námu tæpum 300 tonnum. Ostabirgðir eru innan þeirra viðmiðana sem stefnt er að hverju sinni og unnið er með aðgerðum í birgðastýringu að halda þeim innan eðlilegra marka. Próun mjólkurframleiðslu síðustu mánuði gerir stýringu ostabirgða viðráðanlegri þar sem heldur hefur hægst á framleiðslu mjólkur. Birgðir undanrennudufts eru um 240

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	desember mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	27.677.627	27.271.704	29.373.231	0,05	-7,33	4,83
Innvegin mjólk	11.742.224	34.471.358	152.408.980	-7,76	-4,93	0,86
Seldar afurðir	9.717.917	31.375.559	129.491.804	-5,19	-2,96	-2,16
Útlutningur	1.213.477	1.835.895	22.839.883	74,17	-55,05	33,14
Birgðir í lok	28.017.046	28.017.046	28.017.046	-4,62	-4,62	-4,62
Mismunur	471.411	514.562	1.433.477	529,85	-607,05	451,14
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	23.998.062	25.040.440	22.676.923	1,76	1,71	6,77
Innvegin mjólk	11.742.224	34.471.358	152.408.980	-7,76	-4,93	0,86
Seldar afurðir	13.518.351	37.665.013	144.778.867	0,94	-1,05	0,46
Útlutningur	19.457	41.600	7.360.924	45,79	-35,32	124,90
Birgðir í lok	22.425.317	22.425.317	22.425.317	-1,11	-1,11	-1,11
Mismunur	-222.838	-620.131	520.794	-197,36	-950,70	-77,29


Mynd 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á áinu 2018.



Mynd 3 Próun smjörbirgða 2016 – 2018



Mynd 4 Próun ostabirgða 2016 - 2018 (26% og 17%)



Mynd 5 Próun birgða á undanrennudufti 2017 – 2018

tonn og eru nokkuð lægri en á sama tíma í fyrra. Birgðastaða mjólkurvara er í góðu jafnvægi hvort sem titið er til birgða einstakra vöruflokka eða samlagðra birgða.

Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri framleiðslu- og rekstrarsviðs Mjólkursamsölu



Samtök sameinast um matvælastefnu

FRÉTTIR

Samtök iðnaðarins (SI), Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) auk Bændasamtaka Íslands (BÍ) hafa sameinast um áherslur varðandi matvælastefnu fyrir Ísland og sendu bréf til forsætisráðherra í janúar þar sem óskað var eftir fundi. Sá fundur fór fram þann 4. febrúar ásamt öðrum ráðherrum úr ríkisstjórninni.



Mynd frá Morgunblaðinu

Forstjóri MS sat þann fund auk fulltrúa samtakanna og hefur forsætisráðherra ákveðið að setja matvælastefnu á dagskrá ríkisstjórnarinnar föstudaginn 8. febrúar. Mun ríkisstjórnin ræða sjónarmið samtakanna um matvælastefnu og áherslur þeirra þar að lútandi.

Í bréfi til forsætisráðherra fylgdi greinagerð um áherslur samtakanna um matvælastefnu. Fóru samtökin yfir það að mikil tækifæri blasa

við íslenski matvælaframleiðslu á næstu árum og áratugum. Stefnumörkun stjórnvalda þarf að endurspeglja þessi tækifæri og gera fyrirtækjum í matvælaíðnaði kleift að nýta þau þjóðinni til heilla. Íslensk matvæli, jafnt sjávarafurðir sem landbúnaðarafurðir, eru þekkt fyrir hreinleika og sjálfbærni. Lega landsins og veðurfar valda því að notkun varnarefna í landbúnaði er lítil sem engin.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, verkefnastjóri í upplýsinga- og tæknimálum

TILKYNNINGAR

Úrvalsmjólk - Breyting á reglum

Þann 1. janúar 2016 var virkjuð regla um að engin einstök mæling mætti fara yfir 40.000 þús. í líftölu. Þessi regla var gagnrýnd á deildarfundum síðustu ár en jafnframt taldi yfirmaður mjólkur-eftirlitsins hana óþarfa.

Því samþykkti stjórn Auðhumlu á fundi sínum 7. desember 2018 að fella niður þessa reglu frá og með 1. janúar 2019.

Greiðslur fyrir umframmjólk

Stjórn Auðhumlu svf. ákvað á fundi sínum 25. janúar 2019 að afurðastöðvaverð fyrir umframmjólk verði kr. 29,- á hvern innlagðan líter og taki gildi frá 1. mars 2019.

Þetta er lágmarksverð og verður endurskoðað um mitt ár ef forsendur hafa breyst að einhverju marki.

Miðað við þetta verð kr. 29,- pr. ltr. verður síðan reiknað gæðaálag, fyrirmyndarbúsálag, verðfellingar og efnainnihald.

Uppbætur verða svo greiddar, ef tilefni gefur til, eftir að lokauppgjör ársins hefur farið fram.

Greiðslur fyrir Fyrirmyndarbúið

Stjórn Auðhumlu svf. ákvað á fundi sínum 25. janúar 2019 að greiðslur fyrir Fyrirmyndarbúið verði lækkaðar og framleiðandi fái greitt aukalega 1% gæðaálag á afurðastöðvaverð.

Einnig var ákveðið að greiðslur fyrir Fyrirmyndarbúið falli niður ef líftölumörk séu 50.000 eða hærra (faldmeðaltal). Þessar breytingar taka gildi frá 1. febrúar 2019.

Verðlaun fyrir úrvalsmjólk

FRÉTTIR

Það eru 49 bú sem fá viðurkenningu fyrir úrvalsmjólk á síðasta ári og ánægjulegt að búnum hefur fjölgað um 10 á milli ára. Við óskum þeim innilega til hamingju með góðan árangur en viðurkenningar verða veittar á deildarfundum Auðhumlu í mars en einhverju síðar hjá KS.

Sturla Pormóðsson	Fljótshólum 4	Flóa- og Ölfusdeild
Bryndís Óskarsdóttir	Dalbæ	Flóa- og Ölfusdeild
Kolsholt ehf	Kolsholti	Flóa- og Ölfusdeild
Ragnar F Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti,	Flóa- og Ölfusdeild
Ólafur Ingi og Anna Gísladóttir	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
Félagsbúið Tungufelli	Tungufelli	Uppsveitadeild
Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti,	Uppsveitadeild
Gunnar K. Eiríksson og Magga S Brynjólfssdóttir	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
Jóhann Kormáksson og Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Uppsveitadeild
Grænagerði ehf	Miðfelli 1	Uppsveitadeild
Reykhóll ehf	Reykhóli	Uppsveitadeild
Birna Þorsteinsdóttir og Rúnar Bjarnason	Reykjum	Uppsveitadeild
Páll I Árnason og Kirsten Anita	Haga	Uppsveitadeild
Högni Guðnason	Laxárdal	Uppsveitadeild
Félagsbúið Guttormshaga	Guttormshaga	Holta-,Landm.-,Ása og Djúpárd.
Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Pverlæk	Holta-,Landm.-,Ása og Djúpárd.
Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit	Eyjafjalladeild
Sigurður Rúnar Sigurðsson	Glæsisstöðum	Landeyjadeild
Péturseyjarbúið ehf.	Pétursey,	V-Skaftafellsdeild
Jón Björnsson	Deildartungu	Borgarfjarðardeild
Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir	Hægindi	Borgarfjarðardeild
Félagsbúið Skálpastöðum ehf	Skálpastöðum	Borgarfjarðardeild
Mjólk og menn ehf	Gunnlaugsstöðum	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Sigurjón Grétarsson og Lilja Björk Kristjánsdóttir	Furubrekku	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Kjartan Jóseppson	Nýjubúð	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
Kristján Oddsson	Neðra Hálsi	Hvalfjarðardeild
Félagsbúið Breiðalæk ehf	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
Drifkraftur ehf	Hnjúki	Austur-Húnaþingsdeild
Pétur Sigvaldason	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
Hjörtur Haraldsson	Víðigerði	Norðausturdeild
Pórir Níelsson og Sara María Davíðsdóttir	Torfum	Norðausturdeild
Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
Félagsbúið Hallandi ehf	Hallandi 1	Norðausturdeild
Guðmundur Gylfi Halldórsson	Breiðabóli	Norðausturdeild
Karl Ingi Atlason	Hóli	Norðausturdeild
Félagsbúið Böðvarnesi	Böðvarnesi	Norðausturdeild
Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
Vogabú ehf	Vogum	Norðausturdeild
Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti	Norðausturdeild
Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild
Rögnvaldur Ólafsson og Sigrún	Flugumýrarhvammi	Skagafjörður
Réttarholtsbúið ehf.	Réttarholti	Skagafjörður
Þorleifur Hólmsteinsson	Þorleifsstöðum	Skagafjörður
Gísli Björn Gíslason	Vöglum	Skagafjörður
Keldudalur ehf.	Keldudal	Skagafjörður
Hofdalabúið ehf.	Ytri Hofdölum	Skagafjörður
Þorvaldur Ingi Guðjónsson	Krossi	Skagafjörður

Næring+ fær góðar móttökur

MARKAÐSMÁL

Nú í janúar kom á markað frá MS Næring+, sem er næringardrykkur með háu orku- og próteininnihaldi. Viðtökur hafa verið mjög góðar og sala fer ágætlega af stað. Drykkurinn hentar þeim vel sem eldri eru og hafa minnkaða matarlyst og eru margir nú þegar byrjaðir að neyta hans reglulega og gera góðan róm að.

Starfsfólk MS hefur kynnt Næringu+ fyrir ráðamönnum hjúkunarheimila og fyrir sérfræðingum Landspítala og hafa þessir aðilar sýnt drykknum mikinn áhuga. Einnig hafa forsvarsmenn Landssambands eldri borgara verið mjög áhugasamir um drykkinn, enda fellur hann vel að óskum þeirra fyrir hönd sinna félagsmanna. Næring+ er fánleg í mörgum af stærstu matvöruverslunum landsins.

Þar fyrir utan hefur heyrst af áhuga annarra á drykknum, m.a. yngra fólks sem á erfitt með að halda þyngd sem og íþróttamanna sem þurfa á mikilli orku að halda.

Björn S. Gunnarsson,
vörubrúnarstjóri, Ph.D



Ertu með viðskiptahugmynd tengda landbúnaði eða sjávarútvegi?

Til sjávar og sveita, viðskiptahraðall með stuðningi IKEA á Íslandi, Matarauðs Íslands, HB Granda og Landbúnaðarklasans, óskar eftir viðskiptahugmyndum í landbúnaði og sjávarútvegi. Í gegnum viðskiptahraðalinn fá þátttakendur aðgang að tengslaneti og fagþekkingu sem á engan sinn líka á Íslandi til þess að hraða þroskun nýsköpunarverkefna.

Til sjávar og sveita á að vera uppspretta nýrra vara og þjónustu og varpa ljósi á tækifærin

sem felast í t.d. sjálfbærri nýtingu auðlinda á Íslandi. Hraðallinn er bæði fyrir ný og starfandi fyrirtæki, jafnvel hugmyndir innan rötgröinna fyrirtækja.

Kynningarfundir hafa verið haldnir í kringum landið en hægt er að sækja um í hraðalinn til 21. febrúar á heimasíðu verkefnisins www.tilsjavarogsveita.is

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

Landbúnaðarklasinn er samvinnuverkefni rúmlega 30 fyrirtækja og félaga í landbúnaði. Mikill áhugi á nýsköpun er hjá kúabændum, fyrirtækjum og félögum þeirra en þau eru flest meðlimir í Landbúnaðarklasanum. Landbúnaðarklasinn styður verkefnið Til sjávar og sveita og ýtir undir nýsköpun í landbúnaði. Hægt er að taka þátt í starfi og vera meðlimur í Landbúnaðarklasanum á heimasíðu hans www.landbunadarklasinn.is

Íslenskir ostar – Mannamót 2019

Markaðsstofur landshlutanna halda árlega ferðasýningu/kaupstefnu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem landsbyggðarfyrirtæki í ferðaþjónustu fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgar-

svæðinu. Ráðstefnan kallast Mannamót en íslenskir ostar framleiddir af MS Búðardal og KS Sauðárkróki vöktu þar verðskuldaða athygli.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir,
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

